Viðaukar

Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030

Samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. október 2021.

Græna planið

Viðaukar

I. Forsendur lýðheilsustefnu - ítarefni
II. Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar
III. Mótun lýðheilsustefnu
IV. Erindisbréf starfshóps
V. Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir
VI. Stöðumat fyrir áherslur
VII. Lýðheilsuvísar Reykjavíkur
VIII. Úr viðauka með aðalskipulagi Reykjavíkur - Heilsuborgin

Viðauki I. Forsendur lýðheilsustefnu

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar skilgreindu árið 2015 sautján heimsmarkmið um sjálfbæra þróun, sem lýsa stærstu vandamálum og helstu áskorunum sem þjóðir heims standa nú frammi fyrir. Öll aðildarríkin, þ.á m. Ísland, hafa innleitt nýju markmiðin og hyggjast ná þeim fyrir árið 2030.

Með markmiðunum er m.a. ætlunin að:

- Tryggja góða heilsu og vellíðan allra aldurshópa og draga úr ójöfnuði innan ríkja.
- Stuðla að varanlegum sjálfbærum hagvexti og mannsæmandi atvinnu fyrir alla.
- Byggja upp trygga innviði, styðja við sjálfbæra iðnþróun og næra nýsköpun.
- Gera borgir öruggar, tryggar og sjálfbærar.
- Tryggja sjálfbær framleiðslu- og neyslumynstur. Grípa til bráðaaðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
- Stuðla að friðsælum samfélögum án aðgreiningar fyrir sjálfbæra þróun, gefa öllum aðgang að réttlæti og koma á fót skilvirkum, ábyrgum stofnunum á öllum stigum.

Til að innleiðing heimsmarkmið S.þ. verði farsæl og árangursrík er þátttaka sveitarfélaga við innleiðingu þeirra nauðsynleg enda varða mörg markmiðanna hlutverk og verkefni þeirra.

Viðauki I. Forsendur lýðheilsustefnu

- Lýðheilsustefna velferðarráðuneytisins og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi

Framtíðarsýn: Að Íslendingar séu meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu og að skólakerfið, vinnustaðir og stofnanir séu heilsueflandi.

1.1 Meginmarkmið: Að Íslendingar verði ein heilbrigðasta þjóð heims árið 2030.

1.2 Undirmarkmið

a) Að öll sveitarfélög verði heilsueflandi samfélög, þar með talið leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og vinnustaðir.

b) Að markvissar forvarnir fari fram á sviði uppeldis- og menntunar, næringar, hreyfingar, geðræktar, tannverndar, ofbeldis- og slysavarna og áfengis- vímu,- og tóbaksvarna.

c) Að draga úr tíðni langvinnra sjúkdóma.

d) Að þróa félags- og heilsuvísa, tölulegar upplýsingar sem varpa ljósi á félags- og heilsufarslega stöðu landsmanna á hverjum tíma og ólíkar aðstæður ýmissa þjóðfélagshópa.

e) Að við stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda verði gætt að áhrifum heilsu og líðan á íbúa samfélagsins. Heilsa í allar stefnur krefst þess að alltaf sé stuðst við gagnreyndar upplýsingar um áhrif þátta á heilsufar.


Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi
– með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri

September 2016

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Viðauki I. Forsendur lýðheilsustefnu

Áhrifaþættir heilbrigðis og vellíðanar

Heilsa og vellíðan eru afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis.

Embætti landlæknis hefur skilgreint þá þætti sem þekkt er að hafa áhrif á heilsu, líðan og lifnaðarhætti s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi og aðstæður í lífi, leik og starfi fólks á öllum æviskeiðum. Þessir áhrifaþættir eru settir fram í formi regnboga.

Í áhrifaríku lýðheilsustarfi er horft til allra þessara mismunandi þátta í starfi sveitarfélags með heilsu og vellíðan íbúa í huga.

Viðauki I. Forsendur lýðheilsustefnu

Félagslegir áhrifaþættir heilsu

Félagslegir áhrifaþættir heilsu* eru skv. skilgreiningu WHO þær aðstæður sem fólk fæðist inn í, elst upp við, starfar við, býr við og eldist í. Þessar aðstæður mótast m.a. af efnahag, valdi yfir eigin lífi, og þeim bjargráðum sem fólki standa til boða í sínu nær- og fjærumhverfi. Þessir áhrifaþættir eru stærsta orsök ójöfnuðar í heilsu, sem er skilgreindur sem ósanngjarn og hjákvæmilegur munur á heilsu innan og á milli landa.

Til að auka jöfnuð til heilsu á öllum æviskeiðum er sérstaklega mikilvægt að samfélög vinni með þessa þætti.

*sjá græna og rauða hluta regnbogans í fyrri glæru og mynd hér til hægri.



Mynd úr Strategic Review of Health Inequalities in England post-2010. (2010). Fair society, healthier lives: The Marmot review, þýdd af Embætti landlæknis 2021. http://www.instituteofhealthequity.org/resources-reports/fair-society-healthy-lives-the-marmot-review/fair-society-healthy-lives-the-marmot-review-full-report.pdf

Viðauki I. Forsendur lýðheilsustefnu

Heilsueflandi samfélag

Reykjavíkurborg er aðili að starfi Embættis landlæknis, Heilsueflandi samfélag (HSAM), síðan árið 2013, þegar aðilarnir tveir gerðu með sér samning um samstarf til heilsueflingar og aukinnar lýðheilsu í Reykjavík. Árið 2019 var samkomulagið endurnýjað, og við það tilefni bættist Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins við samstarfið.

Meginmarkmið HSAM er að styðja sveitarfélög í að vinna markvisst að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra m.a. með útgáfu lýðheilsuvísa og vefkerfi sem auðveldar mat á stöðu og framvindu. Lykilforsenda er að festa í sessi þverfaglegt samstarf hagaðila og vinnulag byggt á bestu þekkingu og reynslu. Með innleiðingu HSAM er unnið að innleiðingu heimsmarkmiðanna.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjavík
vellíðan fyrir alla

Viðauki I. Forsendur lýðheilsustefnu

Sex þemu Kaupmannahafnar-samkomulagsins

Hin sex þemu Kaupmannarhafnarsamkomulags borgarstjóra (The Copenhagen Consensus of Mayors) sem var samþykkt á fundi borgarstjóra aðildarborga evrópsku Heilsuborgarsamtakanna (WHO Healthy Cities) í Kaupmannahöfn í febrúar 2018, er lögð til grundvallar starfi samtakanna næstu árin.

Reykjavík sótti um aðild að samtökunum árið 2020.

Þemun sex eru:

- Fjárfesta í fólkinu sem myndar borgir okkar (people)
- Hanna fjölbreytta staði sem bæta heilsu og vellíðan (places)
- Stuðla að aukinni þátttöku og samstarfi í þágu heilsu og vellíðanar (participation)
- Auka velsæld samfélagsins og aðgengi að sameiginlegum gæðum og þjónustu (prosperity)
- Stuðla að friði og öryggi með áherslu á samfélag án aðgreiningar (peace)
- Vernda jörðina frá niðurbroti, meðal annars með sjálfbærri neyslu og framleiðslu (planet).

Copenhagen Consensus of Mayors: Healthier and Happier Cities for All. Copenhagen: WHO Regional Office for Europe; 2018 (http://www.euro.who.int/en/health-topics/environment-and-health/urban-health/who-european-healthy-cities-network/policy/copenhagen-consensus-of-mayors.-healthier-and-happier-cities-for-all-2018)

Viðauki I. Forsendur lýðheilsustefnu

Græna planið

–Sóknaráætlun Reykjavíkur til 2030

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar og framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Öflug fjárfesting í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun og grænum störfum mun gegna lykilhlutverki og þannig auka lífsgæði fólks í borginni og gera Reykjavík að enn betri stað til að búa og starfa.

Græna planið byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag:

Kolefnishlutlaus borg

- Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Grænn vöxtur

- Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarð vegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna.

Engin skilin eftir

- Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Heilsa í allar stefnur (Health in all policies) byggist á þeirri hugmyndafræði að við stefnumótun og aðra áætlanagerð stjórnvalda verði gætt að áhrifum á heilsu og líðan íbúa í samfélaginu.

Færa má rök fyrir því að nær allar stefnur Reykjavíkurborgar hafi bein eða óbein áhrif á heilsu og líðan borgarbúa. Fagsvið Reykjavíkurborgar hafa öll því hlutverki að gegna að hafa áhrif á heilbrigða lifnaðarhætti, heilsu og vellíðan borgarbúa og sinna hvert um sig umfangsmiklum verkefnum í þeim tilgangi. Auk þess hafa markmið og áherslur lýðheilsustefnunnar náin tengsl við fjölmargar aðrar stefnur fagsviða Reykjavíkurborgarinnar.

Til að undirstrika hversu víða er unnið að því að eflingu lýðheilsu er hér lýsing á starfsemi og helstu stefnum Reykjavíkurborgar sem hafa áhrif á heilsu og líðan borgarbúa.



Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Velferðarmál

Veigamikill þáttur í lýðheilsu er jöfnuður í samfélaginu. Starfsemi velferðarsviðs beinist að miklu leyti að því að jafna stöðu íbúa í samfélaginu, efla lífsgæði og styrkja þá sem standa höllum fæti á öllum aldursskeiðum. Gildi velferðarsviðs endurspegla með hvaða hætti unnið skal að þessu markmiði.

Virðing:
Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eigum í samskiptum við. Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við annað fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Virkni:
Við viljum að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Við veitum einstaklingsmiðaða þjónustu og vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði borgarbúa og starfsfólks.

Velferð:
Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa og vinnum markvisst gegn fátækt. Við styrkjum fjölskyldur og einstaklinga með fræðslu, stuðningi, eftirfylgd og endurhæfingu þegar við á.

Með jöfnuð í huga veitir velferðarsvið börnum og foreldrum þeirra, eldri borgurum, fötluðum og heimilislausum fjölþætta þjónustu.

Framkvæmd velferðarþjónustunnar fer að mestu fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Heimaþjónustu Reykjavíkur.

Þjónustumiðstöðvarnar eru fimm og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Þar er hægt að sækja um ýmiss konar þjónustu s.s. fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnæðisstuðning, heimaþjónustu og heimahjúkrun. Þar er veitt félagsleg ráðgjöf, sálfræði- og kennsluráðgjöf vegna leik og grunnskóla.

Miðstöðvarnar reka búsetuúrræði fyrir fatlað fólk, félagsstarf fyrir fullorðna, heimahjúkrun og heimaþjónustu auk ýmissa sérverkefna sem taka mið af þörfum íbúa. Þar er einnig unnið öflugt hverfastarf í nánu samstarfi og samráði við fjölmarga aðila í nærumhverfi til að efla félagsauð og lýðheilsu allra íbúa. Meðal þess eru hverfisviðburðir, samstarfsverkefni af ýmsum toga á hverfisgrunni, umsjón með verkefnunum heilsueflandi leikskóli, heilsueflandi grunnskóli, heilsueflandi samfélag og samræming forvarnastarfs á öllum sviðum regnbogans um áhrifaþætti heilbrigðis.

Velferðarmál

Velferðarsvið ber ábyrgð á framkvæmd gildandi forvarnastefnu Reykjavíkurborgar. Barnavernd Reykjavíkur ber ábyrgð á framkvæmd stefnu í barnaverndarmálum í borginni og vinnur náið með skólum og þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Barnavernd Reykjavíkur vinnur að því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái viðeigandi stuðning.

Barnaverndin rekur fjölbreytt heimili fyrir börn, veitir stuðning og ráðgjöf inn á heimili og sér um fósturráðstafanir í tímabundin, varanleg eða styrkt úrræði.

Velferðarráð hefur samþykkt margar stefnur sem lúta að því að hafa áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu, vellíðan og lífsgæði borgarbúa og hefur fylgt þeim eftir með aðgerðaáætlunum. Meðal annars stefnu í málefnum eldri borgara þar sem lögð er áhersla á virkni og endurhæfingu í heimahúsum. Þá er meginmarkmið matarstefnu að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðaþjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni hvað varðar matvæli.

Velferðarstefna Reykjavíkur er í mótun og þar kemur skýrt fram það hlutverk velferðarsviðs að sinna forvörnum og taka frumkvæði og bregðast við félagslegum þáttum sem hafa áhrif á einstaklinga og hópa.

Stefnur í velferðarmálum sem varða lýðheilsu

- Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar
- Stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022
- Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2024
- Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022
- Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir 2019–2025
- (Velferðarstefna í mótun)
- Matarstefna Reykjavíkurborgar

Skóla- og frístundamál

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðlar að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Menntastefna Reykjavíkur til ársins 2030 sem samþykkt var 20. nóvember 2018 byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla, starfsskrá frístundamiðstöðva SFS og öðrum gildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar. Eitt af meginmarkmiðum menntastefnunnar er heilbrigði og undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan.

Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði en til þess þarf umhverfið að veita stuðning og hvatningu.

Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Skóla- og frístundamál

Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Aðrir þættir menntastefnunnar hafa einnig áhrif á heilsu og líðan en þeir eru: Félagsfærni - Samfélagsleg ábyrgð og virkni, Sjálfsefling - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu, Læsi - Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi, Sköpun - Skapandi hugur og hönd.

Í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar hafa verið útbúnir gátlistar um hvern áhersluþátt þ.m.t. heilbrigði þar sem starfsfólk SFS getur metið að hvaða þáttum stefnunn ar er nú þegar unnið og hvaða þáttum þarf að huga betur að (https://reykjavik.is/gatlistar-fyrir-menntastefnu).

Hlutverk frístundastarfs SFS er að tryggja börnum og unglingum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum og auka þannig líkur á því að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun. Einnig er lögð áhersla á að virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra.

Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið heilsueflingar- og forvarnargildi.

Stefnur í skóla- og frístunda-málum sem varða lýðheilsu

- Látum draumana rætast - Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030
- Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 - (í samvinnu fleiri sviða)
- Heimurinn er hér - stefna um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf
- Félagsleg menntastefna - Skýrsla um stefnumótun Námsflokka Reykjavíkur
- Lesið í leik - Læsisstefna leikskóla
- Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar
- Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum
- Stefnumótun um tónlistarfræðslu í Reykjavík
- Sérkennsla í leikskólum

Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Umhverfis- og skipulagsmál

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs miða að því að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Umhverfis- og skipulagssvið vinnur að því að borgarbúar hafi aðgengi að heilnæmu umhverfi og styður um leið við bætta lýðheilsu þeirra.

Lögboðin verkefni umhverfis- og skipulagssviðs varða mengunarvarnir, hollustuhætti, vatnsgæði, matvælaöryggi og vöktun umhverfis sem snerta daglegt líf allra borgarbúa og þar að leiðandi lýðheilsu. Meginmarkmið verkefnanna miða að því að gæta almannaheilla, öryggis og umhverfisgæða.

Umhverfis- og skipulagssvið sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar. Þá sinnir sviðið framkvæmd aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum ásamt Grænum skrefum í starfssemi Reykjavíkurborgar. Samkvæmt loftslagsstefnu Reykjavíkur mun borgin verða kolefnishlutlaus árið 2040 sem er forsenda þess að komandi kynslóðir geti búið við góða heilsu.

Skipulag og fyrirkomulag byggðar og borgarumhverfis hefur afgerandi áhrif á lýðheilsu. Lykilatrið er hvort innviðir og umhverfi borgarinnar hvetji eða letji til hreyfingar og heilsueflandi athafna. Í því sambandi ræður þéttleiki byggðar, aðgengi að almenningssamgöngum, almenningsrýmum, útivistarsvæðum og hvers kyns þjónustu miklu.

Uppbygging borgarinnar undanfarin ár hefur tekið mið af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Þétting byggðar, styrking almenningssamgangna, hverfiskjarna, göngu- og hjólastíga sem og borgarlínu gegna þar veigamiklu hlutverki að bættri lýðheilsu borgarbúa.

Umhverfis- og skipulagsmál

Í hverfisskipulagi Reykjavíkur er markvist unnið að því að stuðli að bættri lýðheilsu í gegnum greiningar, tillögur og skilmála sem byggja á gátlistum um visthæfi byggðar.

Sett er stefna og skilmálar um:

- Göngu- og hjólastíga og tengingar við útivistarsvæði
- Aðgengi að almenningsrýmum
- Uppbyggingu hverfiskjarna innan hverfa til að styrkja verslun og þjónustu í göngufæri
- Grenndarstöðvar í göngufæri fyrir sem flesta íbúa
- Hjólastæði við íbúðarhús, fyrirtæki, skóla og aðra starfsemi

Stefnan kemur fram á stefnukortum og í skilmálum hverfisskipulagsins þar sem fjallað er um lýðheilsu sem samheiti yfir heilsuvernd og forvarnir. Þar eru settir fram skilmálar í skipulaginu sem miða að því að styrkja hvers kyns heilsueflingu og hreyfingu s.s. að tryggja gott aðgengi um viðkomandi hverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og gott aðgengi að almenningsrýmum og stærri útivistarsvæðum. Huga þarf að þörfum allra, sérstaklega barna og ungmenna. Lýsing og hönnun mannvirkja, gróðurs og annarra innviða í almenningsrýmum er einnig ætlað að auka öryggistilfinningu þeirra sem þau nota og hvetja þannig til notkunar sem flestra þjóðfélagshópa.

Stefnur í umhverfis- og skipulagsmálum sem varða lýðheilsu

- Aðalskipulag Reykjavíkur
- Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar
- Græna borgin, umhverfis- og auðlindastefna og vistvænar samgöngur
- Bíla- og hjólastæðastefna
- Hjólaborgin Reykjavík
- Samferða Reykjavík
- Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur 2019-2023
- Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar
- Aðgerðaráætlun í úrgangsmálum
- Stefna um líffræðilega fjölbreytni
- Stefna í trjáræktarmálum
- Leiksvæðastefna Reykjavíkur

Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Íþrótta- og tómstundamál

Íþrótta- og tómstundasvið gegnir tvíþættu hlutverki.

Annars vegar er sviðið leiðandi í að skapa aðstöðu fyrir einstaklinga og hópa til þess að stunda íþróttir á öllum getustigum en einnig að hvetja til almennrar hreyfingar og heilsueflingar.

Hitt hlutverkið og ekki síður mikilvægt er að skapa vettvang fyrir einstaklinga til að koma saman til þess að styrkja félagstengsl, stuðla að bættri andlegri heilsu og draga úr félagslegri einangrun.

Sviðið reynir að efla fjölskyldutengsl með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir fjölskyldur til þess að vera að saman. Í Fjölskyldu- og húsdýragarði er áhersla á að fræða börn og ungmenni um íslenska búskapaætti og efla tengsl milli manna og dýra.

Í sundlaugum hefur skapast einstök menning sem hlúa þarf að og efla. Laugin og potturinn eru mikilvægir samkomustaðir borgabúa, einskonar félagsmiðstöð. Hlutverk þeirra er að auka lífsgæði borgarbúa með því að stuðla að afslöppun, skemmtun, íþróttaiðkun og leik. Auk þess að kynna íslenska baðmenningu fyrir ferðamönnum.

Íþrótta- og tómstundamál

Íþrótta- og tómstundasvið gegnir leiðandi hlutverki við eflingu og skipulagningu íþróttastarfs í Reykjavík í samstarfi við hin fjölmörgu íþróttafélög borginnar.

Á skíðasvæðum og á Ylströnd líkt og í Fjölskyldugarði er leitast við að skapa aðstöðu fyrir fjölskyldur til þess að stunda heilbrigða samvinnu ásamt því að skapa aðstöðu til öruggrar íþróttaiðkunar.

Í Hinu Húsinu er leitast við að veita aðstöðu fyrir ungt fólk til þess að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, endurspegla menningu ungs fólks og skapa vettvang fyrir félagsleg úræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk.

Hitt húsið hefur einnig því hlutverki að gegna að stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungmenna með fötlun þar sem áhersla er á að skapa vettvang þar sem ungt fók hittist og fær tækifæri til að taka þátt í öflugu frístundastarfi á jafningja grundvelli og upplifi öryggi og vellíðan.

Stefnur í íþrótta- og tómstundamálum sem varða lýðheilsu

- Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030
- Laugarnar í Reykjavík - Framtíðarsýn til 20 ára
- Reykjavík - borg fyrir ungt fólk. Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri
- Stefna um frístundaþjónustu til 2025

Menningar- og ferðamál

Menning er hjarta blómstrandi samfélags. Með aðstoð lista og menningar minnumst við fortíðarinnar, segjum sögur, fögnum nútíðinni, skemmtum okkur og ímyndum okkur framtíðina. Listir og menning sýna okkur heiminn með augum annarra. Menning stuðlar þannig í eðli sínu að bættri lýðheilsu, því hún veitir mikilvægan félagslegan ávinning og andlega næringu og eykur almennt lífsgæði.

Fjölmargar rannsóknir sýna að þátttaka í menningu og listum er mikilvægur þáttur í að rjúfa félagslega einangrun, ekki síst hjá börnum og ungu fólki og meðal eldri borgara.

Menningar- og ferðamálasvið skipuleggur og framkvæmir árlega fimm hátíðir þar sem borgarar eru hvattir til skapandi þátttöku auk þess sem öflugt starf fyrir borgarbúa fer fram í öllum söfnum borgarinnar.

Þannig er eitt mikilvægasta verkefni menningar- og ferðamálasviðs að tryggja gott aðgengi að listum- og menningu fyrir alla hópa samfélagsins, eða eins og segir í menningarstefnu Reykjavíkurborgar:

Menning er mannréttindi: Menningarlíf höfuðborgarinnar á að standa öllum opið, þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum.

Stefnur í menningar- og ferðamálum sem varða lýðheilsu

- Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020
- Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2020-2025

Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Mannréttinda- og lýðræðismál

Í mannréttinda- og lýðræðismálum vinnur Reykjavíkurborg að því að draga úr ójöfnuði og að samheldnu og heilsueflandi samfélagi.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Jafnrétti kynja er rauði þráður stefnunnar. Lögð er áhersla á rétt fólks til að búa við frið, öryggi í borgarlandinu og í heilnæmu umhverfi sem fólki og lífríki stafar ekki ógn af.

Mannréttindastefnunni fylgir aðgerðaáætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa annast framkvæmd mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi er á ábyrgð ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar en í henni er tilgreind fjölmörg verkefni sem stuðla að öryggi og velferð borgarbúa. Má þar nefna örugga skemmtistaði snýr að samstarfi um örugga og ofbeldislausa skemmtistaði, verkefnið **Saman gegn ofbeldi** sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um heimilisofbeldi. **Nordic Safe Cities**, en það er tengslanet og samvinnuvettvangur borga á Norðurlöndunum sem vilja efla öryggi borgara sinna ásamt því að vinna gegn öfgahyggju og hatri.

Mannréttinda- og lýðræðismál

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sinnir fræðslu og ráðgjöf í málefnum sem tengjast mannréttindastefnunni. Sinnt er verkefnum sem snúa að málefnum innflytjenda, flóttamanna og fólks í leit að alþjóðlegri vernd í þeim tilgangi að reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sinnir málefnum hinsegin fólks m.a. með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar og ráðgjöf til starfsstaða. Einnig veitir skrifstofan ráðgjöf í tengslum við málefni fatlaðs fólks.

Lýðræðismál eru vistuð á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og með þeim er unnið að því að efla þátttöku og virkni allra íbúa í borgarsamfélaginu. Íbúaráðum borgarinnar er ætlað að stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar og með verkefnum eins og **Hverfið mitt** er borgarbúum gefinn kostur á að koma með tillögur um úrbætur til að bæta nærumhverfi.

Unnið er að hönnun manngerðs umhverfis í borginni með aðgengi fyrir alla í huga í samstarfi við aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar. Það sama á við þegar unnið er að endurbótum í aðgengismálum í húsnæði borgarinnar og í borgarlandinu.

Stefnur í mannréttinda- og lýðræðismálum og þjónustu- og upplýsingamálum sem varða lýðheilsu

- Mannréttindastefna
- Stefna í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd
- Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum
- Jafnlaunastefna
- Málstefna
- Stefna um túlka- og þýðingaþjónustu
- Upplýsingastefna
- Þjónustustefna

Húsnæðis- og atvinnumál

Það er undirstaða góðrar heilsu að búa við viðunandi húsnæðisaðstæður og að geta framfleytt sér með atvinnuþátttöku.

Í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkuborgar er unnið að því að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með húsnæðismál sín eða ekki.

Unnið er að auknum jöfnuði með fjölbreyttu framboði húsnæðiskosta og auknu framboði húsnæðis fyrir alla félagshópa og félagslegri fjölbreytni innan hverfa í samvinnu við leigu- og búseturéttarfélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og með rekstri Félagsbústaða sem er í eigu borgarinnar. Samhliða er unnið að því að um 25% íbúða í hverfum verði leiguíbúðir, námsmannaíbúðir, búseturéttaríbúðir, félagslegar leiguíbúðir, íbúðir fyrir aldraða og húsnæði fyrir fatlað fólk.

Aðgerðum í húsnæðismálum er nánar gerð skil í húsnæðisáætlun borgarinnar þar sem einnig er fjallað um veitingu stofnframlaga til íbúðabygginga, þróun byggingareita, úthlutun lóða og annarra aðgerða til að ná fram markmiðum húsnæðisstefnu og aðalskipulags. Þá er lögð sérstök áhersla á hagkvæmar og nútímalegar lausnir í húsnæðisuppbyggingu, meðal annars fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur.

Með atvinnustefnu Reykjavíkur er lögð áhersla á lífsgæðaborgina og góð vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt, sjálfbært og skapandi atvinnulíf, sem mæti metnaði og þörfum íbúa svæðisins án tillits til uppruna, þjóðernis, lífsháttta, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Stefnur í húsnæðis- og atvinnumálum sem varða lýðheilsu

- Húsnæðisstefna og húsnæðisáætlun
- Atvinnustefna

Viðauki III: Mótun lýðheilsustefnu - Ferlið

Samstarf Reykjavíkurborgar og Embættis landlæknis hófst formlega árið 2013 með samningi um samstarf á vettvangi lýðheilsu og inngöngu borgarinnar í verkefnið Heilsueflandi samfélag. Í kjölfarið var stofnaður stýrihópur um heilsu og jöfnuð, og undir honum hópar um m.a. gögn, heilsueflandi grunnskóla, leikskóla, frístundastarf og hverfi, heilsueflingu aldraðra og starfsfólks borgarinnar. Hver hópur hafði víðtækt samráð við lykilaðila í málaflokknum, starfsfólk og íbúa, börn, fullorðna og aldraða.

Tvö fjölmenn málþing voru haldin um lýðheilsu í borginni, í samstarfi við Embætti landlæknis. Hið fyrra 2015 um heilsueflandi skóla og hið seinna 2017 um jöfnuð í heilsu. Málþingunum var svo fylgt eftir með vinnustofum þar sem lykilaðilum gafst tækifæri á að kafa dýpra með erlendum sérfræðingum málþinganna.

Árið 2017 hófst markviss vinna við gerð lýðheilsustefnu borgarinnar. Stefnumótunarferlið var flókið þar sem stefnan er um margt ólík öðrum stefnum borgarinnar. Hún er meginstefna sem rammar inn það lýðheilsustarf sem unnið er á öllum sviðum borgarinnar, en meira og minna allt sem borgin gerir er lýðheilsustarf. Að þeirri vinnu komu með einhverjum hætti, auk stýrihóps borgarstjóra um heilsu og jöfnuð, starfsfólk af öllum sviðum borgarinnar, auk starfsfólks af ýmsum sviðum Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og ráðgjafa frá Veru ráðgjöf og Capacent.

Viðauki III: Mótun lýðheilsustefnu - Ferlið

Árið 2019 gaf borgin út sína fyrstu lýðheilsuvísa, sem eru uppfærðir reglulega. Við það tækifæri var samningur borgar og Embættis landlæknis endurnýjaður og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins bættist þar formlega við samstarfið.

Í byrjun árs 2020 var stofnaður starfshópur sem m.a. hafði það hlutverk að draga saman alla þá undirbúningsvinnu sem unnin hafði verið í heilstæða lýðheilsustefnu fyrir Reykjavíkurborg. Auk þess var hlutverk hópsins að vinna umsókn borgarinnar að lýðheilsuborgarsamtökum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (Who Healthy Cities).

Í starfshópnum sátu fulltrúar Embættis landlæknis, Reykjavíkurborgar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Gerð var óformleg netkönnun í byrjun árs 2020 þar sem íbúum gafst kostur á að svara þremur opnum spurningum um hvar styrkleikar Reykjavíkur sem heilsuborgar liggja, hvað væri hægt að gera betur og hvaða markmið borgin ætti að setja sér sem lýðheilsuborg. Samráð við fagsvið og skrifstofur borgarinnar og svið Embættis landlæknis fór fram jafnt og þétt í starfi hópsins, þar sem meðlimir hópsins báru ábyrgð á að viðeigandi samráð væri haft við þeirra svið á ýmsum stigum vinnunnar.

Að lokum voru stefnudrög lögð fyrir borgarstjóra og yfirstjórn borgarinnar, og að lokinni úrvinnslu athugasemda þeirra var stefnan lögð fyrir borgarráð til samþykkis.

Viðauki IV: Erindisbréf starfshóps um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópskra heilsuborga

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Þann 2. maí 2019 samþykkti borgarráð tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg sækti um aðild að sjöunda fasa verkefnisins European Healthy Cities Network hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (World Health Organization). Að auki var samþykkt að meðfram vinnu við umsóknarferlið yrði mótuð lýðheilsustefna fyrir Reykjavíkurborg byggð á þeim undirbúningi sem farið hefur fram í samstarfi við embætti landlæknis og fulltrúa úr háskólasamfélaginu.

Hlutverk og helstu verkefni:

• Vinna tillögu að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar í samráði við viðeigandi aðila innan og utan borgarkerfis, ásamt tillögum að framfylgd og fyrstu aðgerðum.

• Gera tillögu að þróun lýðheilsuvísa Reykjavíkurborgar og reglubundinna rannsókna á heilsu og líðan innan borgarinnar með áherslu á samnýtingu og samstarf og þær reglulegu kannanir og rannsóknagrunn sem þegar er fyrir hendi.

• Undirbúningur umsóknar Reykjavíkurborgar að samtökum evrópskra heilsuborga (WHO European Healthy Cities Network) í samráði við viðeigandi aðila.

• Framfylgja samstarfssamningi Reykjavíkurborgar, embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

• Vera bakhópur fyrir rannsókn Reykjavíkurborgar, Embættis landlæknis, Hagstofunnar og Félagsvísindastofnunar á félagslegu landslagi í Reykjavík

• Önnur verkefni sem vísað er til hópsins.

Starfshópinn skipa:

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri áhrifaþátta heilbrigðis hjá Embætti landlæknis (formaður).

Þráinn Hafsteinsson, fulltrúi velferðarsviðs.

Ævar Harðarson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Soffía Pálsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Ómar Einarsson, fulltrúi íþrótta- og tómstundasviðs.

Fulltrúi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Fulltrúar annarra fagsviða kallaðir til samstarfs eftir þörfum.

Með hópnum starfa:

Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svavar Jósefsson verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn fundar með borgarstjóra, formanni velferðarráðs, landlækni og forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eftir því sem vinnu hans vindur fram og að minnsta kosti tvisvar á ári. Starfshópurinn hefur heimild til að leita ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Starfshópurinn geri tillögu að verk- og tímaáætlun fyrir einstaka verkþætti til ábyrgðarmanns.

Reykjavík, 8. nóvember 2019

Dagur B. Eggertsson

V. Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir

Lýðheilsumat, skilgreining

Lýðheilsumat er skilgreint sem mat á áhrifum stefna og aðgerða á heilsu og líðan fólks og dreifingu þessara áhrifa innan þýðisins. Tilgangurinn er að hámarka möguleg jákvæð áhrif og lágmarka möguleg neikvæð áhrif að teknu tilliti til lýðheilsu. Lýðheilsumat er til í ólíkum útfærslum sem krefjast mismikillar sérfræðiþekkingar og aðfanga.

Þrjár megin tegundir lýðheilsumats:

1. **Prospective** – fyrir innleiðingu
2. **Concurrent** – á meðan innleiðingu stendur
3. **Retrospective** – eftir innleiðingu

Umfang lýðheilsumats getur verið mismunandi eftir tilgangi þess, tíma og aðföngum:

- **Desktop** - fámennur hópur þátttakenda kemur saman og nýtir fyrirliggjandi reynslu og stöðu þekkingar við matið. Nokkrar klukkustundir upp í heilan dag.
- **Rapid** – vanalega fámennur stýrihópur, framkvæmir stutta rannsókn á áhrifum á heilsu, þ.m.t. stutta samantekt á stöðu þekkingar (megindleg og eigindleg gögn) og í framhaldinu er frekari upplýsingaöflun með boðun hagaðila/þeirra sem þekkja til mála á vinnustofu. Tekur daga eða vikur.
- **Comprehensive** – dýpri greining sem felur í sér ítarlega heimildaleit og söfnun frumgagna. Framkvæmt þegar um er að ræða flóknari verkefni og getur tekið mánuði í framkvæmd.

V. Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir

Lykilskref við framkvæmd lýðheilsumats

Samanber **Health Impact Assesment** (HIA): A practical guide (WHIASU, 2012) eru skrefin eftirfarandi:

Fimm lykilskref við framkvæmd lýðheilsumats:

1. Screening: Hefur tillagan/aðgerðin áhrif á lýðheilsu?
2. Scoping: Hvaða aðföng, tímaramma, stefnur og stöðu þekkingar þarf að íhuga? Þarf að stofna stýrihóp? Skilgreina hlutverk og ábyrgð.
3. Appraisal/Assesment of evidence: mat á fyrirliggjandi gögnum.
4. Reporting and recommendations: gerð lýðheilsumatsskýrslu og hvers konar non-technical samantekta.
5. Review and reflection: þar með talið vöktun og mat. Hafði lýðheilsumatið og einhverjar niðurstöður áhrif á heilsu og vellíðan eða ferlið við ákvarðanatöku?

Um lýðheilsumat almennt

Public Health Wales (PHW) - Wales Health Impact Assessment Support Unit (WHIASU) hefur verðmæta reynslu af framkvæmd lýðheilsumats og hefur meðal annars framkvæmt slíkt mat á aðgerðum vegna COVID-19 í Wales. WHIASU, með Lis Green fremsta í flokki, er viljug til að miðla sinni reynslu og efni til að hjálpa til við innleiðingu lýðheilsumats á Íslandi og í Reykjavík.



VI. Stöðumat fyrir hverja áherslu

1.a. Heilsueflandi borg

Staðan í dag

Reykjavíkurborg hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á að vakta heilsu, líðan og lifnaðarhætti borgarbúa á öllum aldri. Góð heilsa auðveldar fólki að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og lifa fullnægjandi og sjálfstæðu lífi eins lengi og kostur er. Í Reykjavík búa nú rúmlega 36% landsmanna, um 133.000 manns. Um 21% borgarbúa eru börn undir 18 ára, 67% 18-66 ára og 12% 67 ára og eldri. Því er spáð að hlutfall eldra fólks fari mjög vaxandi á næstu árum, þjóðin er að eldast og náttúrleg fólksfjölgun er ekki hröð. Það er mikilvægt að huga að þessum tveimur aldursskeiðum sérstaklega, því í æsku er lagður grunnur að góðri heilsu ævina út, og með því að huga að heilsueflingu og forvörnum aldraðra má bæta lífi við árin, sem er ekki síður mikilvægt en að bæta árum við lífið.

Rannsóknir og kannanir hafa sýnt að borgarbúar ferðast í auknum mæli með virkum samgöngumáta í borginni, eru duglegir að hreyfa sig og nýta íþrótta- og útivistaraðstöðu í borginni og nágrenni hennar, sundlaugar, göngu- og hjólastíga o.s.frv. Þær gefa líka vísbendingu um ýmsar áskoranir sem taka þarf sérstaklega á, t.d. fá sífellt færri að staðaldri nægan nætursvefn, og þar gætu aukinn skjátími á kvöldin, kyrrseta og aukin neysla orkudrykkja haft áhrif. Nýjar tegundir af nikótín-vörum sem markaðssettar eru til barna eru sömuleiðis áskorun, auk þess sem sykurneysla er óhófleg og tengist auðveldu aðgengi að sykruðum vörum í umhverfi barna og ungmenna sérstaklega. Nýjar kannanir sýna svo að huga þarf sérstaklega að félagsfærni barna á Íslandi.

Reykjavíkurborg er vel í stakk búin að vinna markvisst að heilsu og vellíðan á öllum æviskeiðum (sjá meginmarkmið 3). Hugað er að lýðheilsu í starfi og stefnum ólíkra málaflokka/fagsviða (sjá viðauka), og borgin hefur verið þátttakandi í Heilsueflandi samfélagi (HSAM) síðan 2013. Árið 2019 varð Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins formlegur aðili að því starfi, sem er að mestu innleitt í gegnum þjónustumiðstöðvar borgarinnar undir heitinu Heilsueflandi hverfi. Auk þess að vinna markvisst með heilsueflingu í frístundastarfi eru 35 af 63 leikskólum Heilsueflandi leikskólar og 29 grunnskólar af 36 eru Heilsueflandi grunnskólar. Allir framhaldsskólar í borginni taka þátt í Heilsueflandi framhaldsskóla. Reykjavík er þátttakandi í verkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um aldursvænar borgir og hefur sótt um að gerast Heilsuborg í samnefndu verkefni á vegum stofnunarinnar.

Reykjavíkurborg hefur síðan 2015 tekið þátt í verkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)um aldursvænar borgir. Í verkefninu eru til umfjöllunar átta mismunandi málefnasvið sem hafa áhrif á lífsgæði eldri borgara þ.e. útisvæði og byggingar, virðing og félagsleg viðurkenning, samgöngur, virk samfélagsþátttöku og atvinnumöguleikar, húsnæði, upplýsingamiðlun, félagsleg þátttaka og félags- og heilbrigðisþjónusta. Reykjavíkurborg er jafnframt þátttakandi í norrænu aldursvænu tengslaneti og COST verkefninu NET 4 age-friendly sem er alþjóðlegt þverfaglegt, tengslanet um snjallt, heilsueflandi umhverfi sem miðar að stuðning til sjálfstæðs lífs og heilbrigðri öldrun.

Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins. Þverfaglegur starfshópur um heilsueflingu hefur verið starfandi frá 2016. Á þeim tíma hafa m.a. verið innleiddir samgöngusamningar sem starfsfólki býðst sem hvatning til vistvænna og heilsueflandi samgöngumáta. Farið var í samstarf um heilsuleika fyrir starfsfólk í samvinnu við Sidekick Health. Viðmikil fræðslu um heilsueflingu stendur starfsfólki og stjórnendum til boða. Unnið hefur verið í samvinnu við VIRK starfsendurhæfingarsjóð að endurhæfingu starfsfólks samhliða vinnu. Unnið er að heilstæðri heilsustefnu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar. Gerð hefur verið úttekt á á aðstöðu fyrir hjól og sturtuaðstöðu. í boði er heilsuræktarstyrkur, stuðningur við starfsfólk ef starfsfólk vegna líkamlegra eða andlegra áskorana. Starfsfólki býðst árleg inflúensubólusetning og þjónusta trúnaðarlæknis ef við á.

1.b. Fyrirmyndarborg í forvörnum

Staðan í dag

Íslenska módelið í forvörnum barna og unglinga er samfélagsmiðuð nálgun sem byggir á samstarfi fjölmargra aðila, t.a.m. foreldra, kennara, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga og fleiri í nærumhverfi barna og ungmenna. Aðferðin var þróuð af hópi félagsvísindafólks, stefnumótunaraðila og fólki sem starfaði með börnum og ungmennum á vettvangi sem leist ekki á þróun mála rétt fyrir aldamótin og leitaðist við að setja fram stefnu og starf, byggt á rannsóknum, sem gæti snúið henni við. Þeir félagslegu þættir sem hafa áhrif á vímuefnanotkun ungmenna voru kortlagðir og aðgerðir hannaðar sem hægt væri að beita í forvarnarstarfi. Í því felst að nærsamfélagið er virkjað og leitast við að auka líkur á að ungmenni nýti tíma sinn á jákvæðan, uppbyggjandi hátt. Þetta er t.a.m. gert með því að styrkja stuðningshlutverk foreldra og skóla og fjölga tækifærum ungmenna til þess að stunda skipulagt tómstundastarf. Reykjavíkurborg tók þátt í að þróa þessa aðferð og hún er kjarninn í starfi hennar í málaflokknum. Afraksturinn af þessari vinnu er sá að áfengis- og vímuefnaneysla ungmenna hefur dregist margfalt saman frá miðjum tíunda áratugnum, og hefur vakið athygli víða um heim. Það þýðir þó ekki að björninn sé unninn, það verða stöðugt til nýir unglingar í borginni og nýir foreldrar og gæta þarf að því að sofna ekki á verðinum.

Frístundakortið er styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6 - 18 ára börn og unglinga í Reykjavík. Það er tengt íslenska módelinu því markmið og tilgangur þess er að öll börn og unglingar geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi. Nýting þess hefur verið mjög góð, en þó lægri í hverfum þar sem hlutfall íbúa af erlendum uppruna er hærra. Þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi er mikilvægur hluti forvarna og hefur almennt verið að aukast í Reykjavík.

Unnið er með marga þætti forvarna í menntastefnu borgarinnar, t.d. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í áhersluþáttunum "félagsfærni" og "sjálfsefling".

Fjölskyldusamvera og þátttaka foreldra og nærsamfélagsins í lífi barna hefur sterkt forvarnagildi. Meðvitund um þetta hefur verið nokkuð mikil síðastliðinn áratug og fá börn sem svara því í könnunum að foreldrar þeirra viti ekki hvar þau séu á kvöldin eða eyði ekki tíma með þeim, en stöðugt þarf að hvetja, styðja og fræða til að halda þeim árangri við. Í gildi eru lög um vernd barna og ungmenna þar sem kveðið er á um útvistartíma þeirra. Það er mikilvægur verndandi þáttur að þessum reglum sé fylgt, og í hverfum borgarinnar hafa verkefni eins og foreldrarölt stutt við það. Sérstakt átak var gert í kringum aldamótin 2000 með góðum árangri, en síðustu ár hafa verið vísbendingar um að áhersla foreldra og forráðamanna á útivistartímann fari minnkandi, og því hefur verið blásið til sóknar á ný í mörgum hverfum og áhersla aukin á samstöðu um þetta og félagsauð almennt.

1.c. Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

Staðan í dag

Ósnortin náttúra, útivist og sundlaugar

Í Reykjavík njótum við þeirra forréttinda að stutt er í ósnortna náttúru til útivistar, bæði innan borgarinnar og utan við borgarmörkin. Mikið er af stígum og öðrum innviðum til útivistar eins og t.d. leiksvæðum barna, útihreystitækjum og frisbígolfvöllum.

Eitt það besta við að búa í heilsuborginni Reykjavík eru sundlaugar borgarinnar. Þær eru vel nýttar af fólki á öllum aldri til að rækta líkamann, andann, félags- og fjölskyldutengslin. Fyrir mörgum eru sundlaugarnar hjarta samfélagsins, og mikilvægt að halda þeim vel við og hlúa að þeim svo þær geti sinnt því hlutverki áfram.

Gæði vatns og lofts

Gæði neysluvatns í Reykjavík eru mjög góð og gæðaeftirlit strangt. Borgarbúar hafa aðgang að grunnvatni sem ekki þarf að meðhöndla áður en þess er neytt. Loftgæði í Reykjavík eru almennt góð en magn svifryks í andrúmslofti fer þó yfir heilsuverndarmörk u.þ.b. 20 daga á ári og Umhverfisstofnun Evrópu áætlar að það valdi u.þ.b. 60 ótímabærum dauðsföllum á ári. Uppspretta svifryks er langmest frá umferð, þar sem slit gatna, útblástur og sót frá bílum skiptir mestu.

Skipulag um sjálfbæra og heilsueflandi byggð

Sjálfbær og heilsueflandi byggð er forsenda þess að fólk búi við góða heilsu til framtíðar. Í Reykjavík í dag er þéttleiki byggðar lítill, umferð mikil og þjónustu- og atvinnusvæði oft aðskilin íbúabyggð. Það eru því mikil sóknarfæri í að þétta borgina og gera hverfin sjálfbærari, í því skyni
að minnka ferðatíma fólks, bæta loftgæði og gefa fleirum tækifæri á að nota vistvæna og virka ferðamáta. Skv. könnunum keyra enn margir stuttar vegalengdir í vinnu og skóla og hátt í helmingur bílstjóra sem ekur á einkabíl til vinnu vill ferðast öðruvísi en akandi í vinnuna.

Heilsa og vellíðan borgarbúa er lögð til grundvallar aðalskipulags Reykjavíkurborgar og hverfaskipulags
sem vinna á fyrir öll hverfi borgarinnar í samráði við íbúa.

2.a. Jöfnuður

Staðan í dag

Jöfnuður til heilsu snýst um að allir hafi jöfn tækifæri til að hlúa að heilsu sinni og vellíðan. Tilteknir viðkvæmir og jaðarsettir hópar eru líklegri en aðrir til að búa við heilsubrest t.d. fólk með minni menntun, fólk af erlendum uppruna, öryrkjar, einstæðar mæður, börn sem búa við fátækt, hinsegin fólk o.s.frv. Unnið er að ítarlegri rannsókn á ójöfnuði í Reykjavík.

Rannsóknir á Íslandi sýna að lífsánægja og líðan hinsegin ungmenna, og þá sérstaklega hinsegin stúlkna, er ávallt verri en hjá öðrum ungmennum. Þetta kemur heim og saman við rannsóknir í öðrum löndum. Þá er einnig talað um minnihlutaálag eða streitu sem fylgir því að tilheyra þessum minnihluta og það hefur áhrif á líkamlega og andlega líðan hinsegin fólks.

Rannsóknir sýna að mikilvæg forsenda jöfnuðar til heilsu er að auk almennra aðgerða (sjá markmið 1) sé markvisst unnið að því með sértækari aðgerðum að jafna stöðu íbúa m.t.t. félagslegra áhrifaþátta heilsu (hornsteina heilsu). Er þar m.a. átt við aðgengi að öruggu húsnæði, atvinnu/framfærslu, menntun og ýmiss konar aðstöðu og þjónustu s.s. íþróttum og öðru tómstundastarfi og menningu.

Þrátt fyrir að nú eigi sér stað meiri íbúðauppbygging í Reykjavík en nokkru sinni fyrr er skortur á íbúðarhúsnæði í borginni eftir litla uppbyggingu á árunum eftir hrun. Íbúafjöldi hefur jafnt og þétt aukist í Reykjavík og tekið kipp allra síðustu ár og samhliða því er þörf á fjölbreyttu framboði húsnæðiskosta og auknu framboði húsnæðis fyrir alla félagshópa. Ekki síst er þörf á leigu- og búseturéttaríbúðum og húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur auk þess sem þörf hefur aukist fyrir húsnæðisúrræði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

2.b. Þátttaka allra

Staðan í dag

Reykjavíkurborg hefur lengi lagt mikla áherslu á þátttöku og samráð við íbúa. Lýðræðisverkefni borgarinnar hafa vakið athygli um allan heim og íbúar geta í dag tekið þátt í að skipuleggja sitt nærumhverfi til framtíðar, og ráðstafað og forgangsraðað peningum í nýframkvæmdir og viðhald. Ákveðnir þjóðfélagshópar taka síður þátt en aðrir og það hefur meðvitað verið reynt að skilja ástæður þess og gera breytingar svo raddir fjölbreyttra hópa fái að heyrast. T.d. er vitað að börn og unglingar af erlendum uppruna taka síður þátt í íþrótta- og tómstundastarfi en börn af íslenskum uppruna og atvinnuþátttaka fatlaðs fólks er minni en fólks sem ekki er fatlað. Alltaf þarf að skoða þátttöku og samráð út frá þeim

hópum sem þar taka helst þátt og grípa til aðgerða í því skyni að ná til annarra. Það er allra hagur að hlusta á og taka tillit til fjölbreyttra sjónarmiða.

Þátttaka í lýðheilsustarfi í Reykjavík felst ekki síst í hinu frjálsa starfi sjálfboðaliða sem starfa t.d. á vettvangi íþróttafélaganna, og í öðru tómstunda- og félagsstarfi af ýmsum toga, en án þeirra þátttöku væri ekki unnt að halda úti nema broti þess heilsueflingar- og forvarnastarfs sem nú er.

Á síðustu árum hefur kvíði aukist hjá öllum aldurshópum í borginni, svefnvenjur þróast til verri vegar og einmanaleiki aukist. Það er mikilvægt að sporna gegn þessari þróun með áherslu á jafnvægi milli vinnu og einkalífs, vinna með þætti sem auka jöfnuð til heilsu og auðvelda fólki að hægja á taktinum og njóta augnabliksins.

Unnið er að hönnun manngerðs umhverfis í borginni með aðgengi fyrir alla í huga í samstarfi við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks eða eftir atvikum með gátlista umhverfis- og skipulagssviðs um aðgengismál til hliðsjónar. Það sama gildir þegar unnið er að endurbótum í aðgengismálum í húsnæði borgarinnar og á svæðum í borginni. Þörf er á að auka yfirsýn um hvar aðgengi er gott með tilliti til allra hópa og hvar má bæta úr því.

2.c. Öryggi og friður

Staðan í dag

Neyðarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvár, þegar umhverfi og heilsu er ógnað og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast. Reglulega þarf í Reykjavík að bregðast við þegar óveður geisa yfir eða annars konar náttúruvá steðjar að. Það sýndi sig á árinu 2020 að farsóttir virða engin mörk eða landamæri og eru líklegar til að bitna á þeim sem þegar eru verst settir. Í viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar er gerð grein fyrir forgangsverkefnum sviða og skrifstofa í neyðarástandi og hvað telst samfélagslega mikilvæg þjónusta og hvernig hana á að tryggja sem best. Áætlunin er unnin í samræmi við stigskiptingu og tilmæli almannavarna og við gerð hennar er m.a. stuðst við sveitarstjórnarlög, lög um almannavarnir, lög um sóttvarnir og reglugerð um flokkun almannavarnastiga.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda, jafnréttis og lífs án fordóma eða mismununar og að enginn þurfi að búa við ofbeldi af einhverju tagi. Reykjavíkurborg hefur um nokkurt skeið, í samvinnu við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök, einbeitt sér að því að vinna gegn ofbeldi. Áskoranirnar eru þrátt fyrir það margvíslegar og um leið og aðstæður breytast í samfélaginu getur ofbeldi á ákveðnum sviðum aukist eins og hefur sýnt sig á tímum Covid-19 þegar heimilisofbeldi hefur aukist.

Borgarstjóri hefur skrifað undir viljayfirlýsingu, ásamt fjölmörgum öðrum borgarstjórum, þess efnis að ná niður ofbeldi í borginni um 50% á tímabillinu 2020 til 2030. Tengt þeirri vinnu verða settir fram mælikvarðar til að sjá hvernig því verkefni miðar áfram. Þá er unnið að ofbeldis- og slysavörnum undir forystu ofbeldisvarnarnefndar, velferðarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

Reykjavík er borg friðar, og rekur í samstarfi við Háskóla Íslands friðarsetur með það að markmiði að stuðla að þverfræðilegum og alþjóðlegum rannsóknum í friðar- og átakafræðum, ýta undir upplýsta stefnumótun og aukið framboð á kennslu og fræðslu fyrir almenning á sviði friðar- og átakafræða.

3.a. Samstarf um heilbrigða borg

Staðan í dag

Starfandi er þverfaglegur stýrihópur, með fulltrúum allra sviða, Rannsókna og greiningar og landlækni. Hópurinn hefur það markmið að styrkja sem kostur er faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsueflingu og aukinni lýðheilsu með áherslu á:
(i) heilsueflandi samfélag – heilsueflandi hverfi, (ii) heilsueflandi skóla og (iii) aukinn jöfnuð.

Fjölmargir samstarfsvettvangar um heilbrigða borg eru starfandi, m.a.:

- Samráðshópur um lýðheilsu, mánaðarlegur samstarfsvettvangur verkefnastjóra lýðheilsu í hverfum á velferðarsviði, öðrum fulltrúum VEL auk SFS auk verkefnastjóri lýðheilsu SBB.
- Samráðshópur um forvarnir hefur haldið utan um innleiðingu forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2019.
- Lýðheilsu- og forvarnarteymi á skrifstofu SFS.
- Samráðsvettvangur æskulýðs- og forvarnafulltrúa á höfuðborgarsvæðinu um forvarnir (FÍÆT).
- Samráðshópur um unglingamál í Reykjavík.

Á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er starfandi verkefnastjóri lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra, sem hefur það hlutverk að leiða stefnumörkun borgarinnar á sviði lýðheilsu og hafa yfirumsjón með starfi hennar í Heilsueflandi samfélagi, auk þess að þjóna hlutverki tengiliðs við Heilsuborgaverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Í þjónustumiðstöðvum borgarinnar eru starfandi verkefnastjórar sem leiða starf borgarinnar um Heilsueflandi hverfi, þar sem unnið er að heilsueflingar- og forvarnarverkefnum með aðferðum Heilsueflandi samfélags á forsendum hverfa borgarinnar. Verkefnastjórarnir stýra breiðum samráðsvettvangi margra aðila í hverfinu um heilsueflingu og forvarnir, þar sem koma saman m.a. Gróska, Fróðir foreldrar, skólar, skátafélög, íþróttafulltrúar, kirkjan, dansfélög, forvarnarfulltrúi framhaldsskólanna, fulltrúi foreldrafélags skólanna, verkefnastjórar, unglingaráðgjafar þjónustumiðstöðvar, ungmennaráð hverfa og lögregla.

Samráð við almenning og upplýsingamiðlun um heilbrigða borg er mikilvægur hlekkur í samstarfi borgar við íbúa. Sífellt er verið að leita nýrra og betri leiða til að bæta upplýsingagjöf á forsendum íbúa og þétta samráð, m.a. formlegum og óformlegum könnunum, ýmiss konar upplýsinga- og samráðsfundum hverfanna, barnaþingum o.fl.

3.b. Reglulegar mælingar og byggt á gögnum

Staðan í dag

Ýmsir mælikvarðar eru til er varða lýðheilsu í Reykjavík sem fylgst er með og nýttir eru til stefnumótunar í borginni.

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar voru gefnir út í fyrsta sinn árið 2019 og stefnt að því að gefa þá út árlega. Áhersla er lögð á að mæla það sem borgin getur haft áhrif á í sínu starfi.

Skólakannanir Rannsókna og greiningar hafa verið lagðar fyrir reglulega í Reykjavík síðan árið 1997, fyrir 5.-10. bekk og framhaldsskólanema.

Skólapúlsinn er könnun meðal nemenda í 6. -10. bekk þar sem spurt er um þætti er varða virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla og bekkjaranda. Úrtök nemenda svara könnuninni jafnt og þétt yfir skólaárið, og niðurstöðurnar birtast líka jafnt og þétt yfir skólaárið.

VELSTAT er vefur þar sem aðgengileg er tölfræði yfir notendur og þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Upplýsingarnar eru uppfærðar mánaðarlega ásamt því að þar er aðgengileg árstölfræði sviðsins.

Hagir og líðan eldri borgara er könnun á vegum velferðarsviðs borgarinnar, félagsmálaráðuneytisins og Landssambands eldri borgara. Könnunin er framkvæmd á fjögurra ára fresti.

Lýðheilsuvísar Embættis landlæknis eru gefnir út árlega. Marga vísanna má nálgast fyrir Reykjavík sérstaklega.

Mælaborð borgarbúa er lifandi upplýsingaveita um þjónustu og rekstur Reykjavíkurborgar.

Borgarvaktin er velferðarvakt sem er ætlað að vakta afleiðingar COVID-19 faraldurins á aðstæður borgarbúa og atvinnulífið.

https://reykjavik.shinyapps.io/borgarvaktin/

https://maelabord.reykjavik.is/extensions/MaelabordBorgarbua/index.html

3.c. Sjálfbært velsældarhagkerfi

Staðan í dag

Stöðumat á sjálfbæru velsældarhagkerfi í Reykjavík er flókið viðfangsefni, sem nær m.a. yfir allt það sem þegar hefur verið fjallað um í stöðumati annarra þátta stefnunnar. Mælikvarðar lýðheilsustefnunnar munu allir gefa nokkurs konar heildarmynd af stöðunni á þessu markmiði.

Verið er að innleiða notkun gátlista Heilsueflandi samfélags bæði miðlægt og í hverri þjónustumiðstöð borgarinnar, þar sem unnt verður að taka stöðuna árlega með skipulögðum hætti.

Þá er framundan innleiðing staðalsins ISO-37120 um sjálfbærar borgir og samfélög (WCCD), sem mun gera það kleift að fylgjast með mörgum mælikvörðum sem varða sjálfbært velsældarhagkerfi. Staðalnum er m.a. ætlað að vera mælikvarði á innleiðingu Græna plans Reykjavíkur sem er sóknaráætlun og yfirstefna borgarinnar og hefur það að markmiði að borgin verði efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbær.

VII. Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar komu fyrst út árið 2019 og stefnt að því að gefa þá út árlega. Við val á lýðheilsuvísum fyrir Reykjavíkurborg var áhersla lögð á vísa sem hafa tengsl við verk- og valdsvið borgarinnar og stefnumótun í málaflokknum. Haft var samráð við Embætti landlæknis, og lýðheilsuvísar þeirra á landsvísu hafðir til hliðsjónar í vinnunni. Farið var yfir hvaða gögnum væri þörf á við stefnumótun og þeirra gagna aflað sem hægt var og ekki voru þegar í vörslu borgarinnar. Leitað er leiða til að afla þeirra gagna sem þörf er á en ekki eru aðgengileg nú þegar af einhverjum ástæðum. Þeim verður bætt við lýðheilsuvísana þegar mögulegt er.

Lýðheilsuvísar eru notaðir til að upplýsa stefnumótun í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg. Ekki eru allir lýðheilsuvísar sem safnað er birtir, sumir eru eingöngu nýttir í innra starfi borgarinnar. Við val á lýðheilsuvísum til birtingar er meginreglan sú að með birtingu er leitast við að velja vísa sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík, falla að öllu eða einhverju leyti undir verk- og valdsvið borgarinnar og innihalda ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstök hverfi eða skóla, eða persónugreinanlegar upplýsingar.

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar 2019.
Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar 2020 (Áætluð birting haust 2021).

VIII. Úr viðauka með aðalskipulagi Reykjavíkur - Heilsuborgin

Sýn til lengri tíma

Heilsuborgin

Lýðheilsa og borgarskipulag

Lýðheilsustefna Reykjavíkur hefur það að markmiði að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í sátt og samlyndi, þar sem enginn er skilinn eftir.

Hið byggða umhverfi og skipulag getur bæði stutt við heilbrigði eða unnið gegn því. Fyrir hundrað árum var slæmur aðbúnaður, lélegur húsakostur, opin holræsi og óöruggt aðgengi að hreinu vatni meðal stærstu áskorana í heilbrigðismálum Reykvíkinga. Aðgengi að heilnæmum mat, hreinu lofti og umhverfi sem stuðlar að hreyfingu er enn þann dag í dag í hópi stórra áskorana ásamt félagslegum ójöfnuði.

Fjölmargir þættir í aðalskipulagi borgarinnar skipta máli við að skapa heilsuborg og vinna gegn áhrifaþáttum sjúkdóma. Ferðavenjur og samgöngumátar, umferðarslys og loftgæði eru þar nátengd samgöngustefnu og þeirri umbreytingu á því sviði sem stefnt er að. Aðgengi að grænum svæðum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum og aðstöðu til útivistar í öllum hverfum skiptir líka miklu máli. Markmið um félagslega blöndum og jöfnuð gegna lykilhlutverki til að auka traust, félagsauð og vinna gegn áhrifum ójafnaðar, sem er einn sterkasti áhrifaþáttur vanheilsu og sjúkdóma.

Borgin á líka í sögu sinni fjölmörg dæmi af því að hafa snúið heilsufarsvanda í styrkleika. Vatnsveita Reykjavíkinga er þar frábært dæmi. Sundlaugarnar sömuleiðis. Áskoranir fyrir heilsu okkar og líðan geta verið mismunandi á ólíkum tímum. Fyrir nokkrum áratugum var áfengisneysla unglinga í Reykjavík stór áskorun en með markvissum lýðheilsuaðgerðum tókst að snúa þeirri þróun til betri vegar. Sá árangur hefur haldist vegna góðrar eftirfylgni sem felst m.a. í reglulegum mælingum og viðbrögðum við þeim. Reykjavík fór á tuttugu árum frá því að vera sú borg í Evrópu með mesta unglingadrykkju og reykingar í að vera sú borg þar sem fæstir unglingar smökkuð áfengi og prófuðu tóbak.

Aðalskipulag borgarinnar og eftirfylgni með því, á að fela í sér sömu vinnubrögð og lengi hafa viðgengist í forvarnarstarfinu gagnvart þeim þáttum sem snúa að lýðheilsu. Fylgjast á með þróun heilsu og líðanar og áhrifaþátta heilbrigðis, leggja mat á helstu áskoranir, mæla árangur og gera tillögur að aðgerðum og viðbrögðum eins og þarf. Til að geta komið til móts við áskoranir hvers tíma, þurfum við að innleiða vinnulag sem tryggir vöktun helstu áhrifaþátta heilsu og vellíðanar og tryggja að brugðist verði við með viðeigandi hætti, byggt á bestu þekkingu. Það er skynsamlegt að skilgreina áhrifaþætti heilbrigðis í samhengi við stefnu í skipulagsmálum og horfa til þess þegar teknar eru ákvarðanir um hvaða mælikvarða eigi að leggja til grundvallar við samþykkt og eftirfylgni nýrrar lýðheilsustefnu borgarinnar.

Við viljum öll eiga gott líf, við viljum njóta lífsins og vera hamingjusöm. Lýðheilsustarf snýst ekki bara um að bæta árum við lífið heldur líka lífi við árin. Aðalskipulag Reykjavíkur er mikilvægt tæki til að gera þetta að veruleika og gera Reykjavík að sannri heilsuborg.

www.adalskipulag.is

21

„Borgarumhverfið er einn helsti áhrifavaldur á heilsu og vellíðan íbúa. Rannsóknir sýna að með markvissum aðgerðum við hönnun bygginga og hverfa má stuðla að bættri heilsu og vellíðan, draga úr fjölda veikindadaga, auka framleiðni starfsfólks og bæta námsárangur í skólum..."

AR2010-2030, Græna borgin, bls.83

„Þá er einn meginþáttur skipulagsins, að bærinn verði svo úr garði gerður, að heilbrigði bæjarbúa sje sem minst hætta búin. Þetta atriði fljettast inn í alla aðra þætti skipulagsins og þess verður aldrei gætt sem skyldi nema leitað sje ráða og umsagnar hæfs læknis. Það er ekki að ástæðulausu, að skipulag bæja er gert að sjerstökum, þýðingarmiklum þætti í heilbrigðisfræði, og telst að því leyti til læknisfræði..."

Guðmundur Hannesson, Um Skipulag bæja, 1916, bls. 131.